



Hugtakakastalinn

Hreyfi- og skynjunarleikur

Markmið

Að þjálfra hugtökin *undir, yfir, ofan á, fyrir fram* og *aftan*.

Aldur

Yngsta stig grunnskóla .

Gögn

Stóll.

Mat á framkvæmd

Leiklýsing

Leikurinn byrjar á því að nemendur koma sér fyrir fyrir aftan stólana sína. Kennarinn segir að stóllinn sé kastali og að nemendur eigi að leysa verkefni til að komast inn í hann. Kennarinn segir að nú skuli nemendur fara fram fyrir kastalann. Þegar allir hafa komið sér fyrir fyrir fram stóllinn biður kennarinn nemendur að fara undir kastalann. Síðan eru öll hugtökin notuð og nemendur þurfa að koma sér fyrir samkvæmt þeim. Þegar búið er að fara yfir hugtökin segir kennarinn að kastalinn hafi opnast og allir megi fá sér sæti inni í honum. Þá setjast nemendur allir á sinn stól.

Aðrar útfærslur

Hægt er að láta nemendur vinna saman og búa til kastala úr borðum og þjálfra hugtökin.